

Til þeirra sem málið varðar.

Eins og flestir vita þá höfum við oft lent í vandræðum í Húsavíkur höfn, þarna er mikil hreyfing eftir vestan og norðvestan áttir og mikið sog í höfninni. Öll skip Eimskips sem hafa siglt þangað hafa lent í þessu og margoft höfum við slitið landfestar og nokkrum sinnum þurft að fara áður en vinnu er lokið.

Í síðustu ferð okkar á Selfossi komum við í SA golu en það hafði verið NV átt á undan og þung NV alda ennþá, það var mikil hreyfing í höfninni og á tímabili settum við í gang og keyrðum í spring á meðan á vinnu stóð til að minnka hreyfingu skipsins við slitum 4 landfestar og hættum vinnu þegar nokkrir gámar voru eftir útaf hreyfingu í höfninni og vaxandi SA veðurs. Við fengum Sleipni til að aðstoða okkur að komast frá en þá hafði vindur rokið upp og var SA 17-20 M/S. Sleipnir hafði ekki afl til að ná okkur frá bryggju í þessum SA vindi. Við komust frá kl 06:00 morgunin eftir þá var vindurinn dottinn niður í 12-15 M/S. Það sama gerðist hjá okkur fyrir 3 vikum, 12 klst töf því við komumst ekki í burt.

Ég tel það mjög brýnt að Húsavíkurhöfn fái öflugri dráttarbát til að tryggja öryggi skipa þarna inni í þessum aðstæðum. Í þessu tilfelli var skipið í mikilli hættu, við búinir að slíta 4 landfestar og komust ekki frá bryggjunni og ca 8 klst í að fá stóra bátinn frá Akureyri ef hans er þörf. Höfðum slegið undir tveim nýjum landfestum og haft endaskipti á hinum tveim.

Það er bara tímaspursmál hvenar þetta endar ílla.

Ég hvet hafnaryfirvöld á Húsavík að skoða þetta mál með jákvæðum huga.

Virðingafyllst

Heimir Karlsson

Skipstjóri á M/V Selfossi